



GJALDSKRÁ fyrir fráveitugjald og rotþróargjald í Strandabyggð

1. gr.

Sveitarstjórn Strandabyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Strandabyggð og hreinsun rotþróa í Strandabyggð skv. gjaldskrá þessari og Samþykkt nr. 808/2012 um fráveitur og meðhöndlun seyru í Strandabyggð.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja íbúð og sumarhús sem ekki er tengt fráveitu sveitarfélagsins skal vera eftirfarandi árlega kr. 14.190. Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 2.685.

4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 12. desember 2019 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 280/2012

*Samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 12. desember 2019
Gildir frá 1. Janúar 2020.*